

Fréttabréf
Rannsóknastofu í kvennafræðum
við Háskóla Íslands



1. tölublað, 6. árgangur

nr. 12

Janúar 1997

Rabfundir Rannsóknastofu í kvennafræðum munu hefja göngu sína á ný á vormisseri þann 13. febrúar næstkomandi. Rabfundirnir voru mjög vel sóttir á haustmisseri og komu á milli fimmtíu og sjötíu manns á alla fundina. Einnig tókst að vekja athygli á röbburunum og fyrirlestrum þeirra í fjölmiðlum og var umfjöllun um þá í blöðum, útvarpi og sjónvarpi. Markmið rabbfunda er einmitt að skapa vettvang fyrir fræðimenn sem eru að vinna á sviði kvennafræða til að koma rannsóknum sínum á framfæri.

Dagskrá Rannsóknastofu í kvennafræðum á vormisseri 1997 fer af stað með röbbum tveggja karla, þeirra Ingólfs Gíslasonar, félagsfræðings á skrifstofu jafnréttismála og Tryggva Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar og lektors í viðskipta- og hagfræðideild. Mun Ingólfur fjalla um tregðu karla til að ræða um sjálfa sig sem félagslegt kyn. Í kynningu á rabbi sínu vitnar Ingólfur í sænska rithöfundinn Klöru Johanson þar sem hún segir að þegar að því kemur að karlar þori að fara að líta á sjálfa sig sem umræðuefni renni upp ný öld. Ingólfur telur að hugrekki karla hafi vaxið mikið síðustu áratugi hvað þetta varðar. Hann mun fjalla um tvær tilraunir á þessari öld til að gera karla að umræðu- og

Stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum skipa: Helga Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði, forstöðumaður stofunnar og varamaður í stjórn, Herdís Sveinsdóttir, dósent í námsbraut í hjúkrunarfræði, Rannveig Traustadóttir, lektor í uppeldis- og menntunarfræði, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, dósent í mannfræði, Sigríður Lilly Baldursdóttir, eðlisfræðingur, Sigríður Þorgeirsdóttir, lektor í heimspeki og Una Björk Ómarsdóttir, lögfræðingur hjá Tryggingastofnun.

Útgefandi: Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands
Umsjón: Elfa Ýr Gylfadóttir

rannsóknarefni auk þess sem hann mun fara ítarlega í þriðju tilraunina sem byggir á þróun í nokkrum greinum svo sem mannfræði, félagsfræði o.s.frv. þar sem lítið er á karla sem kynverur í félagslegum skilningi. En það er þriðja og síðasta tilraunin sem Ingólfur mun gera að megin umtalsefni á rabb-fundinum. Tryggvi Þór flytur rabb sem hann nefnir *Hagfræði mismununar. Eru tengsl milli hagvaxtar og jafnréttis?* Þar mun hann fjalla um hvernig ólíkir markaðir, t.d. einokunarmarkaðir og samkeppnismarkaðir leiða til mismunandi stigs mismununar og við hvaða markaðsform jafnrétti ríki. Tryggvi Þór mun einnig fjalla um hvort til séu þau skilyrði að launamunur á milli kynjanna sé réttlætanlegur og hvort tengsl séu milli hagvaxtar og jafnréttis. Í mars fjallar Brynhildur Flóvenz, lögfræðingur, um kvennarétt sem er sérstakt fag innan lögfræðinnar. Hann hefur þó ekki hefur verið kenndur innan lagadeildar Háskóla Íslands enn sem komið er. Brynhildur mun gefa áheyrendum innsýn í fagið og ýmis sjónarmið innan hans. Hún mun gera grein fyrir hugtakinu og þróun kvennaréttar í nágrannalöndum okkar. Þrír fyrirlestrar munu verða í apríl. Þann 3. apríl mun Helga Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði og forstöðumaður Rannsóknastofu í kvennafræðum segja frá útgáfu sinni á ljóðum eftir íslenskar konur, en bókin kemur út í vor. Bókin er sýnisbók ljóða eftir íslenskar konur frá því fyrsta ljóðabók eftir konu kom út á Íslandi, *Stúlka*, eftir Júlíönu Jónsdóttur. Sigrún Stefánsdóttir, fjölmiðlafræðingur og lektor við Háskóla Íslands mun flytja rabb 10. apríl. Þar fjallar hún um hlut kvenna í fréttum, auglýsingum og barnaefni og nefnir hún nefnir rabbið "Hvar eru konurnar?". Á síðasta misseri kenndi Sigrún námskeiðið *Kynferði og fjölmiðlar* í fjölmiðlafræði/kvennafræði við Háskóla Íslands. Nemendur skoðuðu mikið magn af ólíku fjölmiðlaefni og kom þá margt áhugavert í ljós um hlutverk og sýnileika kynjanna og mun Sigrún skýra frá því í rabbi sínu. Dagskrá vetrarins lýkur með því að Unnur Dís Skaptadóttir, mannfræðingur, fjallar um breytta sýn á sjávarbyggðir. Unnur Dís hefur tekið viðtöl við konur sem búa í sjávarbyggðum og spurt þær um skoðanir sínar og hugmyndir um framtíðina. Á vormisseri er Unnur Dís einn umsjónakennara námskeiðs sem nefnist *Sjávarbyggðir og kynferði*.

Einn opinber fyrirlestur verður á vormisseri 1997. Fimmtudaginn 20. mars mun Dagný Kristjánsdóttir flytja opinberan fyrirlestur á vegum stofunnar um doktorsritgerð sína sem hún ver í Hátíðarsal Háskóla Íslands 15. febrúar næstkomandi. Fyrirlesturinn nefnir hún "Kona varð til". Rit Dagnýjar er fyrsta doktorsritgerðin í kvennafræðum við Háskóla Íslands.

Að lokum viljum við minna á námskeið um Internetið sem haldið verður í samvinnu við Endurmenntunarstofnun sunnudaginn 2. mars.

Dagskrá vormisseris er birt í heild hér í fréttabréfinu, og er þar getið staðar og nákvæmari tímasetningar.

Námskeið um Internetið út frá kvennafræðilegu sjónarhorni

Ákveðið var að hafa námskeið um Internetið á vormisseri þar sem áður auglýst tímasetningin á haustmisseri hentaði afar fáum. Námskeiðið verður því haldið sunnudaginn 2. mars í samvinnu við Endurmenntunarstofnun. Á námskeiðinu er kennt að leita upplýsinga um kvennafræði og kvennarannsóknir á veraldarvefnum, auk þess sem fjallað verður um notkun tölvupósts og ýmsar upplýsingaþjónustur á netinu.

Kennari verður Dr. Anne Clyde, dósent í bókasafns- og upplýsingafræði. Mun námskeiðið kosta 4.800 fyrir áskrifendur fréttabréfs Rannsóknastofu í kvennafræðum en 5.800 fyrir aðra. Innifalið í þáttökugjaldinu er handbók um Internet og kvennafræði sem sérstaklega verður tekin saman fyrir þátttakendur á námskeiðinu. Þátttakendafjöldi er takmarkaður við 20 manns. Kennt verður á ensku.

**Upplýsingar og skráning er hjá Endurmenntunarstofnun
Háskóla Íslands í síma 525 4923 og 525 4924, símbref 525
4080 og í tölvupósti endurm@rhi.hi.is**

Fréttir af námi í kvennafræðum

Eins og lesendum Fréttabréfsins er kunnugt hófst nám í kvennafræðum við Háskóla Íslands á síðasta hausti. Á fyrsta misserinu voru eftirtalin námskeið í boði:

Inngangur að kvennafræðum
Femínískar bókmenntarannsóknir
Kynferði og fjölmiðlar
Mannfræði kynmenningar
Internet
Rannsóknir í bókasafns- og upplýsingafræði
Frjálst nám í trúfræði: Hvað segja konur um Krist?

Nemendur sýndu kvennafræðunum mikinn áhuga og voru öll námskeiðin vel sótt. Á milli 20 og 30 nemendur voru í flestum námskeiðunum. Nemendahópurinn var afar breiður og fjölbreyttur hvað varðar bakgrunn og aldur því þarna voru nemendur allt frá því að vera rétt rúmlega tvítugir og að hefja nám í Háskólanum upp í gamalreyndar kvennabaráttukonur sem komnar eru á eftirlaun og finnst frábært að geta haft tíma til að sinna námi í kvennafræðum. Hins vegar skorti breidd varðandi kyn hópsins því konur voru í miklum meirihluta í flestum námskeiðum.

Á vormisseri er boðið upp á eftirtalin námskeið:

Kenningar
Konur í stjórnámum
Þættir úr kvennasögu
Kristin siðfræði og kvennagagnrýnin
Karen Blixen
Kvennafélagsfræði
Eftirstríðsárin
Sjávarbyggðir og kynferði
Sjálfsævisögur
Miðaldabókmenntir

Alls eru í boði 48 einingar á vormisserinu. Venjulegur einingafjöldi sem nemendur taka á önn er um 15 einingar og því er ljóst að námsframboð er ríkulegt og gerir nemendum mögulegt að velja sér námskeið eftir áhugasviði hvers og eins.

Fyrsti veturinn sem kvennafræði eru kennd við Háskólann hefur einkennst af krafti og áhuga nemenda og kennara. Einnig nýtur hið nýja nám í kvennafræðum stuðnings og velvilja stjórnenda Háskólans.

Rannveig Traustadóttir, lektor.
Umsjónarkennari með námi í kvennafræðum

Nafn á fræðin

Enn er verið að leita að heppilegu nafni á kvennafræðin sem nú er verið að kenna við Háskóla Íslands. Þar sem nafnið kvennafræði nær ekki til hugtaksins "kynferði" (gender) væri heppilegt að finna nafn, lýsandi fyrir rannsóknir fræðimanna sem einnig fást við "gender studies". Okkur þætti vænt um að þið senduð okkur tillögur um nafn á fræðin. Þið getið annaðhvort sent umslag með tillögunum til Rannsóknastofunnar eða slegið á þráðinn og spjallað um hugmyndir ykkar.

Nýjar bækur

Fyrir dyrum fóstru

Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornþókmenntum

Bókin hefur að geyma sjö greinar um íslenskar fornþókmenntir eftir Helgu Kress, sem hafa birst í tímaritum og þókum á árunum 1977 - 1996. Fjalla þær allar á einhvern hátt um samband kynferðis, karlveldis og karnivals og er sérlega áhuga-vert að sjá hvernig þróunin hefur orðið á greiningu Helgu á íslenskum fornþókmenntum á tímabilinu. Bókin er gefin út á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum og fæst á kynningarverði á skrifstofu stofunnar.

Kona verður til

Um skáldsögur Ragnheiðar Jónsdóttur fyrir fullorðna

Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan hafa gefið út fyrstu doktorsritgerð sem varin verður við Háskóla Íslands um íslenskar kvennabókmenntir. En Dagný Kristjándóttir, bókmenntafræðingur og dósent í íslensku fyrir erlenda stúdenta mun verja doktorsritgerð sína í febrúar næstkomandi. Dagný mun halda opinberan fyrirlestur í mars á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum þar sem hún fjallar um bókina og tilurð hennar. Bókin er vegleg og vönduð í alla staði, og hefur hún verið tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Konur og kristmenn

Þættir úr kristnisögu Íslands

Út er komin hjá Háskólaútgáfunni bókin *Konur og kristmenn* í ritstjórn Ingu Huldar Hákonardóttur. Í bókinni er að finna níu greinar eftir jafnmarga höfunda. Bókin hefur að geyma greinar eftir bókmenntafræðinga, sagnfræðinga, presta, félagsfræðing, textílfraeðing og handrita-sagnfræðing og nálgast þau viðfangsefnið á ólíkan hátt. Í bókinni greina höfundar frá margvíslegum þáttum í samskiptum kristni, kirkju og kvenna á Íslandi frá fyrstu tíð fram á okkar daga.

Bókmenntir og kynferði á Norðurlöndum

Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan hafa gefið út ritið *Litteratur og kjönn i Norden* undir ritstjórn Helgu Kress. Í því eru 87 erindi eftir jafnmarga höfunda sem flutt voru á 20. þingi International Association for Scandinavian Studies sem haldið var í

Reykjavík sumarið 1994. Skrifa höfundar á norsku, dönsku og sænsku, auk ensku og þýsku.

Bókin er til sölu í Bóksölu stúdenta við Hringbraut og í Bókabúð Máls og menningar. Dreifingu annast Bókmenntafræðistofnun og Háskólaútgáfan í sameiningu. Áskrifendur Fréttabréfsins geta fengið ritið á forlagsverði á skrifstofu Rannsóknastofu í kvennafræðum. Upplag er mjög takmarkað.

Stúlka

Ljóð eftir íslenskar konur 1876 - 1995.

Bókin er sýnisbók ljóða eftir íslenskar konur frá því fyrsta ljóðabók eftir konu kom út á Íslandi, *Stúlka*, eftir Júlíönu Jónsdóttur. Í bókinni er að finna ítarlegan inngang að ljóðunum eftir Helgu Kress, ásamt skáldkvennatali þar sem getið er um allar konur sem gefið hafa út ljóðabók á Íslandi og bækur þeirra. Bókin er ellefta ritið í ritröðinni *Íslensk rit* sem Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands gefur út í samvinnu við bókaforlagið Skerplu.

Rit á Rannsóknastofunni

Rannsóknastofa í kvennafræðum vill minna á að hægt er að kaupa nokkur kvennafræðileg rit á skrifstofu stofunnar. *Fléttur*, rit Rannsóknastofu í kvennafræðum, á kr. 2.000, en kostar kr 2.800 í almennum bókaverslunum. Nýútkomið rit Helgu Kress, *Fyrir dyrum fósturu* kostar kr. 1.800 krónur fyrir áskrifendur Fréttabréfs og kr. 2.000 krónur fyrir stofnanir. *Máttugar Meyjar* eftir Helgu Kress er einnig til sölu á skrifstofunni og kostar kr. 1.800.

DAGSKRÁ VORMISSERIS 1997

RABB UM RANNSÓKNIR OG KVENNAFRÆÐI

Fimmtudaginn 13. febrúar 1997 kl. 12.00 í stofu 201 í Odda
 Ingólfur Gíslason, félagsfræðingur á skrifstofu jafnréttismála: *Kveður lít að körlum? Tregða karla til að ræða um sjálfa sig sem félagslegt kyn.*

Fimmtudaginn 27. febrúar 1997 kl. 12.00 í stofu 201 í Odda
 Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og lektor í viðskipta- og hagfræðideild: *Hagfræði mismununar. Eru tengsl milli hagvaxtar og jafnréttis?*

Fimmtudaginn 13. mars 1997 kl. 12.00 í stofu 201 í Odda
 Brynhildur Flóvenz, lögfræðingur á skrifstofu jafnréttismála: *Kvennaréttur, hvað er það?*

Fimmtudaginn 3. apríl 1997 kl. 12.00 í stofu 201 í Odda
 Helga Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði og forstöðumaður Rannsóknastofu í kvennafræðum: *„En ég er hér ef einhver til mín spyrði“. Ljóð eftir Íslenskar konur 1876-1995.*

Fimmtudaginn 10. apríl 1997 kl. 12.00 í stofu 201 í Odda
 Sigrún Stefánsdóttir, fjölmiðlafræðingur og lektor við Háskóla Íslands: *Hvar eru konurnar? Hver er hlútur kvenna í fréttum, íþróttum, auglýsingum og barnaefni?*

Fimmtudaginn 17. apríl 1997 kl. 12.00 í stofu 201 í Odda
 Unnur Dís Skaptadóttir, mannfræðingur: *Breytt sýn á sjávarbyggðir.*

OPINBER FYRIRLESTUR

Fimmtudaginn 20. mars 1997 kl. 17.15 í stofu 101 í Odda
 Dagný Kristjánsdóttir: *Kona yard til.* Fyrirlestur um fyrstu doktorsritgerðina í kvennafræðum við Háskóla Íslands.

NÁMSKEIÐ

Sunnudaginn 2. mars 1997 kl. 10.00 - 17.00 í stofu 102 í Odda
 Námskeið um Internetið út frá kvennafræðilegu sjónarhorni í samvinnu við Endurmenntunarstofnun. Kennari: Dr. Anne Clyde, dósent í bókasafns- og upplýsingafræði. Kennt er á ensku.
 Upplýsingar á skrifstofu Rannsóknastofu í kvennafræðum og hjá Endurmenntunarstofnun.

Styrkveitingar úr fjórðu framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins í jafnréttismálum 1996-2000.

Ísland er nú í fyrsta sinn aðili að framkvæmdaáætlunum Evrópusambandsins í jafnréttismálum. Meginmarkmið áætlunarinnar er að styrkja jafnréttisstarf í Evrópulöndunum með því að styðja verkefni sem miða að því að bæta stöðu kvenna. Til áætlunarinnar eru veittar um það bil 2.400 milljónir íslenskra króna sem deilast niður á fimm ára tímabil.

Áætlunin skiptist í tvo hluta, verkefnahluta og rannsóknahluta. Verkefnin sem hlotið hafa styrk geta verið misviðamikil og standa allt frá nokkrum mánuðum til nokkurra ára. Mörg verkefni innihalda líka rannsóknátt, en þau verða að miða að sérstökum aðgerðum til þess að bæta hag kvenna. Þegar hefur eitt íslenskt verkefni hlotið styrk úr þessari áætlun, en það er hið svokallaða fæðingarorlofsverkefni sem Reykjavíkurborg vinnur nú að í samstarfi við starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Kvenfélagasambandið og karlanefnd jafnréttisráðs. Verkefnin eru styrkt að 60% hluta frá ESB, en hin 40% verða að koma frá styrkþeganum.

Rannsóknahluti áætlunarinnar er styrktur að fullu af Evrópusambandinu. Miðað er við að þessi hluti skjóti styrkari stöðum undir áætlunina, auk þess sem niðurstöður rannsókna eiga að nýtast framkvæmdastjórn Evrópusambandsins almennt við stefnumótun í málefnum kvenna. Auk þessara tveggja þátta er gert ráð fyrir að hægt sé að sækja um styrki til ráðstefnuhalds sem falla að markmiðum áætlunarinnar.

Umsóknarfrestur til þess að sækja um styrki í verkefnahluta áætlunarinnar rennur út 31. janúar 1997. Næsti umsóknarfrestur til þess að sækja um vegna rannsóknarhlutans er í júní næstkomandi. Enn liggja ekki fyrir gögn vegna þeirra umsókna. Sótt er um styrk vegna ráðstefna á sama hátt og önnur verkefni.

**Allar upplýsingar fáast á Skrifstofu jafnréttismála,
Pósthússtræti 13, sími 552 7420**

Drífa Hrönn Kristjánsdóttir

Opnun Kvennasögusafns Íslands

Kvennasögusafn Íslands var formlega opnað í desember síðastliðnum í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni. Safnið var, sem kunnugt er stofnað 1. janúar árið 1975 á heimili dr. Önnu Sigurðardóttur og var þar til húsa þangað til Anna lést snemma á síðasta ári. Opnun safnsins fór fram við hátíðlega athöfn síðdegis þann 5. desember, á afmælisdegi Önnu Sigurðardóttur, og opnaði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri og sagnfræðingur safnið formlega. Við opnunina flutti Ásdís Skúladóttir, leikstjóri ávarp auk Bryndísar Hlöðversdóttur, formanns Kvenréttindafélags Íslands, Hjördísar Þorsteinsdóttur, formanns stjórnar Minningar- og menningarsjóðs kvenna, Helgu Kress, forstöðmanns Rannsóknastofu í kvennafræðum, Stefaníu Maríu Pétursdóttur, formanns stjórnar Kvennasögusafns Íslands og Gerðar Steinþórsdóttur. Sama dag var opnuð sýning á gögnum og munum úr fórum Kvennasögusafnsins og stóð hún til 16. janúar 1997. Að kvöldi 5. desember stóð Kvennasögusafnið fyrir kvöldvöku í veitingastofu Þjóðarbókhlöðunnar. Sigríður Th. Erlendsdóttir, Helga Kress, Annadís Rúdólfsdóttir og Inga Huld Hákonardóttir fluttu erindi á sviði kvennafræða. Vilborg Dagbjartsdóttir flutti eigin ljóð og hluti úr Vox Feminae söng nokkur lög. Um hundrað manns mættu á kvöldvökuna, sem þótti vel heppnuð, og hefur verið rætt um að gera hana að árlegum viðburði.

Flutningur Kvennasögusafns Íslands í Þjóðarbókhlöðu er mikilvægur áfangi í þróun kvennasögurannsókna og kvennafræða þar sem konur hafa verið sniðgengnar í sagnfræðirannsóknum líkt og í öðrum fræðigreinum. Stofnun Kvennasögusafnsins árið 1975 var liður í því að fylla upp í eyðurnar, finna konur og raddir þeirra og leyfa þeim að hljóma. Þótt sífellt fleiri hafi lagt stund á kvennarannsóknir undanfarin ár og niðurstöður þeirra rannsókna séu að líta dagsins ljós eigum við ennþá langt í land. Það er trú þeirra sem standa að Kvennasögusafni Íslands að tilvist þess og staðsetning í Þjóðarbókhlöðunni, auðveldi og efli kvennarannsóknir, hvort heldur það er á sviði sögu, bókmennta eða annarra fræðigreina.

Safninu hefur frá upphafi verið ætlað að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna að fornu og nýju, en einnig að efla og stuðla að rannsóknum á sögu kvenna, gefa út skrár og fræðirit á sviði kvennasögu

eða kvennafræða. Þessi markmið eru í fullu gildi og verður starf Kvennasögusafns mótað eftir þeim. En starfsemi Kvennasögusafns Íslands verður einnig mótað eftir óskum notenda þess. Það er mikilvægt að þeir sem stunda kvennarannsóknir komi við á Kvennasögusafninu, kynni sér hvað þar er til og reifi hugmyndir sínar um starfsemi safnsins eða heimildir sem vænlegt væri að leita eftir. Með því að vita eftir hverju er leitað er hægt að vinna markvisst að söfnun heimilda eða rita á þeim vettvangi. Þannig er smám saman hægt að byggja upp öflugt safn sem kalla mætti vegvísir í kvennasögurannsóknum. Vísbendingar um heimildir og gjafir til Kvennasögusafnsins, s.s. handrit (óútgefin ljóð, sögur æviminningar) bréf og dagbækur kvenna eru vel þegnar. Fundargerðabækur félaga kvenna (kvenfélaga sem annarra), matreiðslubækur, erindi, greinar og fleira eru ekki síður eftirsóknarverðar og raunar allt sem tengja má sögu kvenna. Bækur og tímarit eru einnig vel þegin en rétt er að benda á að þau blandast öðrum safnkosti Þjóðarbókhöðunnar - en eru þó ávallt skráð eign Kvennasögusafns og merkt sem slík. Ýmsar gamlar bækur kvenna, til dæmis ljóðabækur, eru orðnar fágætar og ekki til í stóru upptagi hér í húsinu. Í slíkum ritum getur því verið mikill fengur. Þær sem vilja gefa gögn eða afla sér nánari upplýsinga þar að lútandi geta haft samband við forstöðumann Kvennasögusafns Íslands.

Kvennasögusafnið er á fjórðu hæð Þjóðarbókhöðunnar og er opið kl. 10.00-12.00 og 13.00-16.00 alla virka daga. Sími og fax er: 563 5779, netfang: kona@bok.hi.is

Erla Hulda Halldórsdóttir
forstöðumaður Kvennasögusafns Íslands

Frø og frukter

Dagana 21. -23. nóvember 1996 var haldin norræn ráðstefna um kvennafræði í Osló, Frø og frukter. Ráðstefnan var samvinnuverkefni Nordisk institutt for kvinne- og kjønnsforskning og Foreningen Nora. Mikill áhugi var fyrir ráðstefnunni og sóttu hana sex hundruð manns.

Ráðstefnan var þverfagleg og skipulögð þannig að almennir fyrirlestrar ætlaðir öllum ráðstefnugestum voru haldnir á morgnana, en eftir hádegið voru erindi og umræður í minni hópum. Voru þeir fjölmargir og gátu þar flestir fundið eitthvað við sitt hæfi. Erindunum var skipt í þemahópa svo sem bókmenntir og kynferði, fjölmiðlar, konur í norrænum stjórnámálum, kynferði, kvennasaga og kvennaréttur.

Milli tuttugu og þrjátíu íslenskar konur sóttu ráðstefnuna og héldu margar íslensku kvennanna erindi á ráðstefnunni. Guðrún M. Ólafsdóttir flutti erindi sem hún nefndi *Kvinner og menn over sjø og land* og Guðrún Krisinsdóttir flutti fyrirlesturinn *Nordens sociala barnavård - trögheten mot könsteorierna*. Sigrún Júlíusdóttir flutti erindið *Familj og kön - barnens rätt*, Auður Eir Vilhjálmsdóttir nefndi erindi sitt *Den feministiske kirke* og Dagný Kristjánsdóttir talaði um *Felles paper*. Gerður G. Óskarsdóttir flutti erindið *Young Women's Jobs and Working Conditions* og Rannveig Traustadóttir hélt erindið *Diversity of female experience and the exclusion of women with disabilities*. Herdís Sveinsdóttir og Kristín Björnsdóttir héldu fyrirlestur í sama þemahópi, Herdís nefndi erindi sitt *Premenstrual experiences. A Scientific Puzzle or a Scientific Product?* og Kristín hélt erindið *The politics of community care*. Dr. Inga Dóra Björnsdóttir, fræðimaður við University of California, Santa Barbara, hélt einn af aðalfyrirlesturum ráðstefnunnar. Hún nefndi fyrirlestur sinn *Nationalism, Gender and the Body in Icelandic Nationalist Discourse*. Þar fjallaði hún m.a. um þjóðbúning kvenna í tengslum við þjóðernishyggju og sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Talsverð þátttaka var einnig frá löndum utan Norðurlandanna, til dæmis komu fulltrúar frá baltnesku löndunum og einnig frá Rússlandi. Þessum fulltrúum var mikið í mun að kynnast konum og kvennarannsóknnum á Norðurlöndum vegna þeirrar uppbyggingar sem á sér stað í þeirra heimalöndum.

Í heildina má segja að þetta hafi verið fróðleg ráðstefna þar sem boðið var upp á fjölda spennandi erinda og fyrirlestra. Konur frá mismunandi þjóðum höfðu einnig tækifæri til að hittast og kynnast á þessari fjölmennu ráðstefnu.

Norrænar og alþjóðlegar ráðstefnur
árið 1997

Eftirtaldar upplýsingar eru fengnar úr fréttabréfi Nordisk institutt for kvinne- og kjønnsforskning (NIKK), nr.2/96

22. - 23. febrúar, Vöyri, Finnlandi. *Symposium on Translation Theory and Gender.* Meginviðfangsefnið á ráðstefnunni verður tengsl tungumáls og kynferðis. Upplýsingar: Terttu Harakka, University of Vaasa. Faculty of Arts and Humanities, netfang: tepa@uwasa.fi

8. mars í Portsmouth, Englandi. *Wired Women - Virtual Worlds/Real Lives.* An opportunity to explore cyberspace as a cultural form and attend a conference for International Women's Day. Upplýsingar: Anna Ruthven, Conference Coordinator, School of Art Design and Media, University of Portsmouth, Winston Churchill Avenue, Portsmouth, PO1 2DJ, UK. Sími: +44 1705 876 543 ext 3855 eða 3801, símbref: +44 1705 843 808, netfang: ruthvena@desn.port.ac.uk

21. - 23. mars í Aþenu, Grikklandi. *The Writing Woman - Ritual and Religious Perspectives.* An international symposium organised by the Finnish Archaeological Institute at Athens. Upplýsingar: Kirsti Simonsuuri, Finnish Institute at Athens, Zitrou 16, GR-11742 Athens, Greece. Sími: +30 1 9221152, símbref: +30 1 9216145, netfang: finins@leon.nrcps.aradne-t.gr

21. - 23. mars, Thessaloniki, Grikklandi. *The Third International Conference organised by The Hellenic Association of American Studies (HELAAS).* In collaboration with the Dept. of American Literature. Upplýsingar: Prof. Ekaterini Georgoudaki, School of English Faculty of Philosophy, Aristotle University, 540 06 Thessaloniki, Greece, sími: +30 31 997451, símbref: +3031 997432.

17. - 18. apríl í Reykjavík, Íslandi. *Konur, vinna og efnahagsmál.* Norræn ráðstefna. Rétturinn til vinnu og réttlátra launa annars vegar og styrkurinn sem felst í margbreytileika kvenna sem eru á vinnu- markaðinum hins vegar eru tvö megin þemu ráðstefnunnar. Nánari

upplýsingar veitir Stefania Traustadóttir, Skrifstofu jafnréttismála, sími: 552 7420, 562 7424, netfang: stefania.jara@treknet.is

20. - 25. maí í Kalmar, Svíþjóð. *Kvinnor i Norden..* Arrangemanget är en del av firandet av Kalmarunionen 600 år. 1997 blir Kalmar Nordens Huvudstad. Upplýsingar: Kvinnor i Norden c/o Kalmar Kommun, box 611, 39126 Kalmar, Sverige. Sími +46 48 08 30 00, símbréf +46 48 08 31 22.

24.- 27. maí í Bonn, Þýskalandi. *Women, Work and Computerization. Spinning a Web from Past to Future.* International conference. Several themes in the context of multimedia and networking, cultural aspects of infomatics and other topics will be discussed. Upplýsingar: IFIP-WWC97 c/o Doris Koehler, Computer Center of the Hamburg University, Schlueterstr. 70, D-20146 Hamburg, Germany. Símbref: +49 40 4123 6270, netfang: IFIP-WWC97@rrz.uni-hamburg.de

5. - 7. júní í Chicago, Bandaríkjunum. *Looking Forward, Looking Back: the Place of Women's Everyday Lives in Health Research.* The Society for Menstrual Cycle Research will celebrate twenty years of research at its twelfth meeting at the University of Illinois at Chicago. Upplýsingar: Center for Research on Women & Gender. Sími: +1 312 4131924, netfang: marylynn@uic.edu

9. - 13. júní á Álandseyjum, Finlandi. *Gender, Work and Psychosocial Health.* First international course. Target group: Researchers into women's health and work environment, legislators, policy makers, experts on gender statistics, equality officials and ombudspersons, consultants, personell managers, psychologists, OH professionals, social scientists and sociologists. Upplýsingar: Gunilla Ahlberg, NIVA (the Nordic Institute for Advanced Training in Occupational Health), Topeliusgatan 41 a A, FIN-00250 Helsingfors. Sími: +358 9 4747 498, símbréf: +358 9 4747 497.

12. - 15. júní í Plymouth, Bandaríkjunum. *Virginia Woolf and her influences. - Seventh Annual Virginia Woolf Conference.* This conference will explore both influences on Virginia Wolf and her influences on others. It wellcomes academics, independent scholars, creative writers,

common readers and students. Upplýsingar: Jeanne Dubino, Department of English, Plymouth State College, Plymouth, New Hampshire 03264, USA. Sími: +1 603 535 2682, netfang: JeanneD@psc.plymouth.edu

16. - 22. júní Kristjánssandi, Noregi. *Konferanse om nordiske kvinners litteratur.* Feiring av at Nordiske kvinners litteraturhistorie er ferdig, samling av trådene í prosjektet og formidling av resultater. Upplýsingar: Unni Langås, Institutt for nordisk og mediefag, Høgskolen i Agder, Elvegt 52, N - 4604 Kristiansand, sími: +47 38 14 15 99, símbref: +47 38 14 10 51.

21. - 24. júní í Tromsø, Noregi. *Second Circumpolar Women's Conference.* Ráðstefnan fylgir í kjölfar ráðstefnanna 1st Northern Women - Northern Lives í Fairbanks í Alaska 1994 og 4th Women's Conference í Peking. Frekari upplýsingar er hægt að fá á Rannsóknastofu í kvennafræðum síma: 525 4595 og netfang: fem@rhi.hi.is og Marit Stemland eða Øydis PunsvikOlsen síma: 47 75 77 92 08/ 47 77 64 64 01 og netfang: LivToril.Pettersen@kun.nl.no og Oydis.punsvik@adm.uit.no

8. - 12 júlí í Coimbra, Portúgal. *The Third European Feminist Reserch Conference.* Upplýsingar: Virginia Ferreira, Universidada de Coimbra, Faculadade de Economia, Av.Dias da Silva, 165, P-3000 Coimbra, Portugal. Símbref: 351 39 403511.

25. - 28. júlí í Ohio, USA. *The Style Conference.* The Conference will assemble people working in feminist and cultural studies, postmodernis and queer theory, design, media and other fields to discuss the new scholarship on style. Upplýsingar: Laura Stemple Mumford, sími: +1 608 238 3612, netfang: Ismumford@aol.com eða Ellen E. Berry, sími: +1 419 372 2620, netfang: eberry@bgnet.bgsu.edu.

7. - 10. ágúst í Valmiera, Litháen. *Women and Men in Dialogue.* Alþjóðleg ráðstefna um kynferði og jafnréttismál. Upplýsingar: Zinta Gulena-Grava, Baltic-Nordic Profect Coordinator, Latvian Human Rights Office, Elizabetes iela 65-12, Riga, LV-1001. Sími: +371 728 7210, +371 724 4073, símbref: +371 724 4074, netfang: vcb@com.latnet.lt

Fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum kemur út tvisvar til þrisvar á vetri. Áskriftargjald er 500 krónur á ári. Við biðjum þau sem vilja vera á póstlista stofunnar að greiða árgjaldið sem fyrst fyrir árið 1997 (einnig er hægt að greiða tvö ár í einu). Greiðsluna má senda í pósti (tékkar skulu stílaðir á Rannsóknastofu í kvennafræðum), inna af hendi þegar þið eigið leið hjá stofunni eða greiða í gíró á reikning 127-26-8272 og munum við þá senda ykkur kvittun.

Rannsóknastofa í kvennafræðum
er opin á þriðjudögum, miðvikudögum
og fimmtudögum frá 9.00 - 12.00

Rannsóknastofa í kvennafræðum
Háskóli Íslands
Sumarhöll
101 Reykjavík

Sími 525 4595
Símbref 552 8801
Netfang: fem@rhi.hi.is
